

Nd.

451. Nefndarálit

[151. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður með lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953. Var bankanum m. a. ætlað að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán til langs tíma og lána beint til fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum, með því að kaupa af þeim skuldabréf. Þá voru og bankanum falin fleiri verkefni, sbr. 7. gr. laganna, sem nú eru einnig á vegum annarra stofnana.

Með I. kafla þessa frumvarps er lagt til, að Framkvæmdabankinn verði lagður niður og við eignum hans og skuldbindingum, eins og þær eru 1. jan. 1967, taki ný stofnun, Framkvæmdasjóður Íslands. Verði sjóðurinn í vörzlu Seðlabankans, en stjórn hans skipuð 7 mönnum, kosnum af Alþingi til fjögurra ára í senn. Þá er ráð fyrir því gert, að fjármagni sjóðsins verði ráðstafað til fjárfestingarlánasjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, einnig að Framkvæmdasjóðurinn veiti lán til meiri háttar opinberra framkvæmda. Eins og fram er tekið í greinargerð frv. er með þessari tilhögun horfið að því skipulagi, sem upphaflega mun hafa verið ætluin að yrði á Framkvæmdabanka Íslands. Það verður fyrst og fremst verkefni Framkvæmdasjóðs Íslands að sjá fjárfestingarlánasjóðunum, svo sem Fiskveiðasjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóði og fleirum, fyrir fjármagni til endurlána. Til ráðstöfunar kemur sjóðurinn til með að hafa eignir þær, sem hann yfirtekur frá Framkvæmdabankanum (afborganir og vexti af þeim lánum, sem bankinn hefur veitt), og honum er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Seðlabankinn undirbýr fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs árlegar áætlanir um lánveitingar hans og fjáröflun til hans í samráði við fjármálaráðuneytið og Efnahagsstofnunina. Um áætlanirnar skal haft samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarstofnana. Með þessu fyrirkomulagi er lagður grundvöllur að samstarfi nefndra aðila.

II. kafla frv. fjallar um það, að komið verði upp stofnun, sem m. a. annist undirbúning áætlanagerða fyrir ríkisstjórnina, samningu þjóðhagsreikninga og hagfræðilegar athuganir. Efnahagsstofnunin heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, en stjórn stofnunarinnar að öðru leyti annast ríkissjóður, Seðlabankinn og Framkvæmdasjóður. Efnahagsstofnunin var sett á fót á árinu 1962 með sérstökum samningi á milli ríkisstjórnarinnar, Framkvæmdabankans og Seðlabankans. Með frv. þessu eru henni ætluð sömu verkefni og áður, en lagt til að lög-
festa skipulag hennar.

Þá er í III. kafla frv. lagt til, að ríkisstjórnin og heildarsamtök launþega og atvinnurekenda tilnefni fulltrúa í ráð, svonefnt Hagráð, þar sem fjallað verði um meginstefnuna í efnahagsmálunum hverju sinni. Ríkisstjórnin tilnefnir tvo ráðherra í ráðið, hver stjórnsmálaflokkanna, sem fulltrúa eiga á Alþingi, einn og heildarsamtök launþega og atvinnurekenda tilnefna fulltrúa fyrir sig. Tilnefni allir þessir aðilar fulltrúa, verður Hagráð skipað 22 mönnum. Hagráð verður vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttasamtaka fá tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um framvindu efnahagsmálanna.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. frv. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú telur Framkvæmdasjóður nauðsyn bera til að veita lánsfé til þarfa, sem ekki falla undir starfssvið neins fjárfestingarlánasjóðs, og skal honum þá heimilt að lána það annarri lánsstofnun, er annist endurlán.

Með þessum viðauka er komið í veg fyrir, að atvinnugreinar, sem fengið hafa fyrirgreiðslu í Framkvæmdabankanum, verði afskiptar eftir þá skipulagsbreytingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Er þá átt við þann atvinnurekstur, sem hefur ekki beinan aðgang að lánum úr starfandi fjárfestingarlánasjóðum.

Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 4. apríl 1966.

Matthías Á. Mathiesen,
form.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Jónas G. Rafnar,
frsm.

Ragnar Jónsson.